

Fæðubótarefni - Merkingar



Katrín Guðjónsdóttir
Mars 2013



• • • Reglur um merkingar fæðubótarefna

- Almenn ákvæði um merkingar matvæla gilda um fæðubótarefni.
 - T.d. kröfur um vöruheiti, innihaldslýsingu, geymsluskiyrði, heimilisfang ábyrgðaraðila á EES svæði.
- Reglur um næringar- og heilsufullyrðingar gildir um fæðubótarefni.
- Auk þess gildir reglugerð nr. 624/2004 um fæðubótarefni. Hún setur fram nokkrar auka kröfur um merkingar.
 - Breytingargerðir 684/2005, 399/2007 og 651/2012

• Merkingar fæðubótarefna (5. gr. 624/2004)

- Skulu vera merkt með heitinu “fæðubótarefni”.
- Vera merkt með heiti þess flokks eða efna sem einkenna vöruna
 - (vítamínblanda, amínósýrur, kreatín, jurtablanda o.s.frv.).
- Skulu vera merkt með ráðlögðum daglegum neysluskammti (RDN)
 - T.d. 1 tafla á dag, 15 ml á dag
- Merkt með varnarorðum þess efnis að ekki skuli neyta meira af vörunni en ráðlagður dagskammtur gerir ráð fyrir.
- Merkt með yfirlýsingu þess efnis að ekki skuli neyta fæðubótarefna í stað fjölbreyttrar fæðu.
- Merkt með yfirlýsingu þess efnis að geyma skuli vöruna þar sem börn náí og sjái ekki til.

• Merking næringargildis (6.gr. 624/2004)

- Merkja þarf, með tölugildum á umbúðir, magn vítamína, steinefna og annarra efna með næringar- eða lífeðlisfræðileg áhrif sem eru í fæðubótarefnum eins og þau eru tilbúin til notkunar og markaðssett.
- **Magn efnanna skal gefa upp í ráðlögðum daglegum neysluskammti (RDN)** (ekki í 100 g eða 100 ml).
- Þarf ekki að gefa upp orku.
- Prótein, kolvetni og fitu þarf einungis að gefa upp ef það er til staðar (ekki alltaf svo með fæðubótarefni).
- Magn vítamína og steinefna skal einnig gefið upp sem hlutfall af ráðlögðum dagskammti (%RDS) eins og við á skv. reglugerð nr. 410/2009 um merkingu næringargildis matvæla (viðauki XIII í nýjum reglum ESB nr. 1169/2011).

